

leyfa, að hún sé lögð fram í málinu. Því til stuðnings er m. a. ákvæði 110. gr. laga nr. 85/1936, 3. málslíður, en þar er heimilað að veita frest til að afla nýrra gagna, eftir að öflun þeirra hefur verið talið lokið og eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef einhver atriði í þeim veita tilefni til þess.

Það er ekki einu sinni þörf á fresti til að koma gögnum þessum að í máli þessu nú.

Er augljóst af framansögðu, að ærið tilefni er til þess, að gögn þessi liggi fyrir í málinu.

Úrskurð þenna kvað upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti.

Niðurlagsorð:

Kröfu umboðsmanns stefnanda um, að framlagning dómskjala nr. 26—29 í máli þessu verði ekki leyfð, er hafnað.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 101/1960. **Jóhann Helgason**

gegn

Alvari Óskarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 27. maí þ. á. og hingað kominni 15. þ. m. kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 21. maí þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði hrundið og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdómsins verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir málavöxtum ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað. Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Jóhann Helgason, greiði varnaraðilja, Alvari Óskarssyni, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Alvar Óskarsson, Laufholti við Breiðhóltsveg hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. október 1958, gegn Jóhanni Helgasyni, Litlu-Strönd, Rangárvallahreppi, til greiðslu eftirstöðva veðskuldabréfs, kr. 10.100.00, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á. og af kr. 10.100.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður. Þá hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, er hann hinn 26. september 1958 lét leggja á bifreiðina R 4135.

Í greinargerð stefnda er þess krafizt, að hann verði algerlega sýknaður og að löghald það, sem fram hefur farið, verði fellt niður, svo og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum aðiljanna breytt. Af hálfu stefnanda var þess nú krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 2600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á., af kr. 10.100.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 8600.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 5600.00 frá þeim degi til 5. janúar 1959, af kr. 4100.00 frá þeim degi til 2. febrúar s. á. og af kr. 2600.00 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess var krafizt staðfestingar löghalds og málskostnaðar sem fyrr.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur nú gerðar aðallega, að stefndi verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 2600.00 vaxtalaust, en til vara, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á sömu fjárhæð og vöxtum, eins og krafizt er nú. Í báðum tilvikum var þess krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu af stefnda hinn 28. júní 1958, tryggðu með 1. veðrétti í bifreiðinni R 4135. Hann kveður stefnda hafa látið hjá líða að greiða afborganir á réttum gjalddögum, aðeins greitt hluta af tilskildum afborgunum og enga vexti, auk þess sem hann hafi ekki húftryggt hina veðsettu bifreið. Af þessum sökum kveður stefnandi skuldina alla í gjalddaga fallna samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins sjálfs.

Af hálfu stefnda er tildrögum málsins lýst þannig, að stefnandi hafi afsalað stefnda bifreiðinni R 4135 með afsali, dags. 30. apríl 1958. Kaupverðið hafi verið greitt með peningum og veðskuldabréfi, að fjárhæð kr. 15.500.00, dagsettu sama dag. Stefndi kveður eitthvað hafa staðið á því, að veðskuldabréfinu yrði þinglýst, og hafi hann því fyrir beiðni stefnanda undirritað annað veðskuldabréf, þ. e. veðskuldabréf það, sem kröfur stefnanda eru reistar á. Stefndi kveðst ekki hafa vitað annað en að veðskuldabréf þetta kæmi algerlega í stað hins fyrra og væri með sama efni, og hafi hann því ekki athugað hið síðara veðskuldabréf sérstaklega. Hafi síðar komið í ljós við samanburð bréfanna, að hið síðarnefnda veðskuldabréf er annars efnis en hið fyrra. Í hinu fyrra bréfi hafi meðal annars ekki verið gert ráð fyrir, að stefndi greiddi neina vexti af skuldinni.

Stefndi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi tekið við greiðslum upp í veðskuldabréfið og gefið kvittanir fyrir þeim fyrirvaralaust, og hafi hann aldrei látið þess getið, að það skipti hann máli að fá greiðslurnar á nákvæmlega réttum gjalddögum. Þá er því haldið fram af stefnda, að vexti hafi hann eigi greitt sökum þess, að eigi hafi verið gert ráð fyrir því í hinu fyrra veðskuldabréfi, og hafi hann því verið í góðri trú um þetta atriði.

Þá er því haldið fram af stefnda, að hann hafi ekki vitað, að það skipti stefnanda máli, að hin veðsetta bifreið væri húftryggð, og hafi stefnandi aldrei gert honum aðvart um það. Auk þess hafi stefnandi sjálfur getað húftryggt bifreiðina á kostnað stefnda samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins.

Samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfs þess, sem stefndi undirritaði hinn 28. júní 1958 og er grundvöllur dómkrafna stefnanda, skyldi stefndi greiða 7% ársvexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, og skyldu þeir greiðast eftir á um leið og afborganir. Gegn eindregnum andmælum af hálfu stefnanda hefur stefndi ekki fært að því sönnur, að vaxtaákvæði þetta skyldi ekki koma til framkvæmda gagnvart honum.

Greiðslu veðskuldabréfsins skyldi haga þannig, að hinn 1. júlí skyldi stefndi greiða kr. 3000.00 og síðan kr. 1500.00 mánaðarlega, hinn fyrsta dag hvers mánaðar sjö næstu mánuðina, og að lokum kr. 2000.00 hinn 1. marz 1959. Samkvæmt áritunum á sjálft veðskuldabréfið greiddi stefndi kr. 3000.00 hinn 23. júlí 1958, kr. 1400.00 hinn 22. ágúst s. á. og hinn 6. september s. á. kr. 1000.00. Ekki greiddi stefndi vexti af fjárhæðinni. Með löghaldsgerð, sem hófst hinn 19. september 1958 og haldið var áfram hinn 26. s. m., lagði stefnandi löghald á bifreiðina R 4135 til tryggingar kröfum sínum, þ. e. eftirstöðvum höfuðstóls skuldabréfsins, kr. 10.100.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. júní 1958 til greiðsludags og alls kostnaðar.

Er löghaldið var lagt á, voru vanskil stefnda á greiðslum þau, að enn vantaði kr. 600.00 upp á, að hann hefði að fullu greitt afborganir þær, sem þá voru á fallnar, og eigi hafði hann heldur greitt vexti samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins. Þá hafði stefndi eigi húftryggt hina veðsettu bifreið. Hinn 22. september sendi stefndi stefnanda kr. 600.00 með póstaðvísun, og hefur stefndi síðan sent stefnanda með póstaðvísun fjárhæðir afborgana þeirra, sem féllu í gjalddaga 1. október, 1. nóvember, 1. desember 1958 og 1. janúar og 1. febrúar 1959. Hefur stefnandi veitt fjárhæðum þessum móttöku, nema þeim kr. 600.00, sem stefndi sendi hinn 22. september 1958. Þá hefur stefndi eigi greitt síðustu afborgun veðskuldabréfsins, kr. 2000.00, sem greiðast skyldi 1. marz 1959.

Þegar virt eru vanskil stefnda á greiðslum afborgana og vaxta samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, þá verður að telja, að þau hafi verið það veruleg, að stefnanda hafi verið heimilt að krefja stefnda þegar um eftirstöðvar skuldarinnar.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 2600.00, ásamt vöxtum eins og krafizt er. Þá þykir og bera að staðfesta framangreint löghald fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir bera að dæma stefnda til

að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3700.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm penna.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Helgason, greiði stefnanda, Alvari Óskarssyni, kr. 2600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á., af kr. 10.100.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 8600.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 5600.00 frá þeim degi til 5. janúar 1959, af kr. 4100.00 frá þeim degi til 2. febrúar s. á. og af kr. 2600.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3700.00 í málskostnað.

Framangreint löghald staðfestist fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 61/1958. Ákærvaldið (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Bjarna Ingimarssyni

(Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 10. maí 1958 dómkvaddi sakadómarinn í Reykjavík þá Jónas Sigurðsson og Ingólf Þórðarson, sem eru báðir kennarar í siglingafræði við Stýrimannaskólann í Reykjavík, til að framkvæma sérfræðilega rannsókn um málið að beiðni verjanda ákærða.

Hinir dómkvöddu menn hafa markað staði togara ákærða